



## **275. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn mánudaginn 7. janúar 2019, kl. 15:00 að Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sat fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

### **1. Orkugerðin ehf. – 10 mánaða uppgjör og fleira.**

Ánægjulegur viðsnúningur hefur orðið á rekstrarniðurstöðu Orkugerðarinnar.

### **2. Kirkjuferjuháleiga – eftirlitsskýrsla UST og fleira.**

Lokunaráætlun vegna Kirkjuferjuháleigu er í góðum farvegi. Málefni PureNorth Recycling hafa verið reifuð við sveitarfélagið Ölfus og er í skoðun þar.

### **3. Staða á viðræðum við SSH/SORPU og móttöku úrgangs.**

Stjórn SOS hélt upplýsingafund með aðildarsveitarfélögum SOS þann 28. desember s.l. þar sem farið var yfir forsendur SORPU um móttöku á úrgangi og leit okkar að sameiginlegum urðunarstað á Suðurlandi. Ljóst er að SOS og aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins geta ekki uppfyllt óskir SORPU um skuldbindingar vegna leitar að sameiginlegum urðunarstað sem eru forsendur óbreytts samstarfs. Formanni er falið að upplýsa SSH/SORPU um stöðuna og framhald mála hjá SOS og óska eftir tímabundinni þjónustu SORPU um móttöku á úrgangi til 6 mánaða á meðan næstu skref eru stigin.

### **4. Næstu skref í sorpmálum aðildarsveitarfélaga SOS.**

Kanna þarf til hlítar hvar hægt verður að koma úrgangi Sunnlendinga til urðunar þar til varanlegri lausnir finnast. Erindi þess efnis verða send Sorpeyðingarstöð Rangæinga vegna Strandar, Sorpsamlagsins Hulu vegna Skógarsands og Sveitarfélagsins Ölfuss vegna Kirkjuferjuháleigu, ef vera mætti að hluti lausnar gæti boðist á þessum stöðum. Þegar hafa verið send erindi til Fíflholts og Stekkjavíkur um tímabundna urðun og verður samskonar erindi sent til SORPU sbr. 3ja lið.

Áfram verður haldið leit að urðunarstað á Suðurlandi með sérstakra áherslu á úrgang frá Suðurlandi.

Hafnar verða aðgerðir sem miða að því að koma brennanlegu sorpi til útflutnings, m.a. með sérhirðu lífræns úrgangs, sem er í samræmi við umræður á upplýsingafundi SOS með aðildarsveitarfélögum 28. desember sl.

Stefáni Gíslasyni hjá Environice er falið að vinna að ofangreindum málum þannig að farsæl lending náist sem allra fyrst.

Stjórn SOS felur formanni að ræða við framkvæmdastjóra SASS um mögulegt samstarf milli Sorpstöðvar og verkefnisins Umhverfis Suðurland.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn fimmtudaginn 17. janúar nk. kl. 15.

Fundi slitið klukkan 16:30